

Leikskólinn Álfheimar – skóli á grænni grein

Greinargerð með umsókn um Grænfánann

Vor 2022



Efnisyfirlit

Inngangur	4
2. Mat á stöðu umhverfismála	9
3. Áætlun um aðgerðir og markmið	12
4. Eftirlit og endurmat	16
5. Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	17
Átthagar.....	22
Útikennsla.....	24
Snjólitir	26
Álfasteinn - Lýðheilsa	36
Mataræði	36
Hreinlæti.....	38
Andleg líðan.....	38
Afmælispakkar grænfánans	38
Fjáls leikur og sjálfbærni - Huldusteinn	39
Matartímar: Fyrirmyndir og jákvæðni.....	40
Virkir þátttakendur.....	41
Jákvætt hugarfar og gott skipulag skapar öruggt umhverfi í fataherberginu	41
Klæðaburður og hreyfifærni.....	42
Völusteinn - Lýðheilsa	42
Mataræði.....	42
Hreyfing	43
Hreinlæti.....	43
Hvöld.....	43
Átthagaverkefni.....	43
Grænálfar	44
6. Kynning á stefnunni.....	46
7. Umhverfissáttmáli	49
Fylgiskjöl 1 - fundargerðir umhverfisnefndar.....	52

Fylgiskjöl 2 - Umhverfissáttmáli	61
--	----

Inngangur

Leikskólinn Álfheimar sækir nú um Grænfánann í tíunda sinn og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan leikskólinn flaggaði sínum fyrsta fána. Leikskólinn Álfheimar hefur frá því árið 2000 unnið markvisst að náttúru- og umhverfismennt. Hér verða tilgreindar helstu stikur í veginum á þeirri vegferð.

2000-2001	Álfheimar tóku þátt í „Vistvernd í verki“ á vegum Landverndar.
2001	Námsferð til Noregs með áherslu á náttúru- og umhverfismennt í Norskum leikskólum.
2002-2004	Unnið að þróunarverkefninu „Út um mó, inn í skóg“. Skipulegar skógarferðir hófust.
2004	Umhverfisnefnd tekur til starfa.
2007	“Engið”. Leikskólinn fær til umráða afgirtan lóðarbút með tengingu inn á leikvöllinn. Þar er náttúrulegt umhverfi sem nýtist vel til umhverfismennta.
2008	Ráðinn verkefnastjóri útikennslu, skógarferðir lengjast.
2012	Þróunarverkefnið „Gullin í grenndinni“ fór af stað.
2016	Átak í að uppfræða starfsfólk um stefnu skóla á grænni grein, störf umhverfisnefndar og heimajarðgerð.
2018	“Friðlandið”. Hluti leikvallar er girt af fyrir sérstakt útikennslusvæði sem fær nafnið Friðland. Í stað verkefnastjóra er ráðinn sérgreinastjóri útikennslu sem hefur það markmið að auka á fjölbreytni á námstækifærum utandyra.

Tímabilið 2020-2022 hefur verið gríðarlega mikil áskorun í leikskólastarfi Álfheima líkt og í öðrum skólum. Covid og áhrif þess gerði það að verkum að oft var nánast ómögulegt að halda úti venjulega leikskólastarfi vegna veikinda, sóttvarna og annarra afleiðinga. Sóttvarnir höfðu þá einnig þau áhrif að starfsfólk gat ekki haft eins mikil samskipti og áður. Erfiðara var að bjóða utanaðkomandi á t.d. fundi umhverfisnefndar o.s.frv.

Þrátt fyrir þessar áskoranir er alltaf ákveðin nýsköpun innan leikskólans í umhverfismálum. Má þar til dæmis nefna:

- Grænálfa á Völusteini.
- Grenndargarða verkefni þar sem við erum nú í annað sinn á fá skika í grenndargörðum þar sem við setjum niður kartöflur og höfum þá pláss fyrir annað grænmeti í matjurtarkössunum okkar.
- Aukinn áhugi á ræktun matjurtar og almennri ræktun bæði á matjurtum og stofublómum.
- Merkingar á hólum barnanna í fatahengjum eru nú alveg plastlaus og úr endurnýtanlegum efnivið.



1. Umhverfisnefndin

Umhverfisnefnd Álfheima hefur starfað frá því í janúar 2004. Við val á fulltrúum í umhverfisnefnd hefur áhugasvið og mannauður haft mest að segja. Í nefndinni sitja:

- Einn fulltrúi frá hverri deild, alls 6 fulltrúar
- Einn fulltrúi úr eldhúsi
- Leikskólastjóri
- Sérgreinastjóri útikennslu
- 1-2 fulltrúar foreldra
- 2 fulltrúar barna
- 1 fulltrúi frá ræstingafyrirtæki

Umhverfisnefndin fundar einu sinni í mánuði. Leikskólastjóri og sérgreinastjóri útikennslu skipuleggja dagskrá hvers fundar og senda fundarmönnum í fundarboði. Á fundunum er leikskólastjóri ritari og verkefnastjóri fundarstjóri. Reynt er að hafa fundina markvissa og þess gætt að allir fá tækifæri til að tjá sig.

Undanfarnir tveir vetur voru ansi óvenjulegir og setti Covid-19 mark sitt á störf umhverfisnefndar líkt og annað í samfélaginu. Oft hefur verið fámenn á fundum og jafnvel orðið fundarfall, smitvarnir öftruðu okkur frá því að bjóða fólki í hús og nefndarmeðlimir forfölluðust bæði vegna sóttkvía og Covid veikinda.

Einnig hefur doði og áhugaleysi verið einkennandi meðal starfsfólks og telja fulltrúar þeirra að þetta skýrist af óöryggi sem stafi af kunnáttuleysi og þekkingarskort t.d. hvað varðar moltugerð. Þau töldu að það liði of langt á milli þess að hver deild bæri ábyrgð á moltunni og að fólk næði ekki að tileinka sér kunnáttuna. Því var lagt til að tímabilin væru stytt úr mánuði í senn yfir í viku í senn og það hyggtumst við gera með haustinu.

Þá kom einnig á daginn að leiðbeiningamappa moltugerðar var úr lagi gengin og mjög nauðsynlegt að yfirfara hana og einfalda, t.d. með því að setja myndskýringar.

Börnin hafa lítið komið inn á fundi á þessu tímabili og þurfum við augljóslega að skerpa á því á því næsta.

Það reyndist nefndinni nauðsynlegt að dusta rykið af reglum um upplýsingaflæði, ákvarðanatöku og eftirfylgni, þ.e. upplýsingaflæði til og frá fundi, hvaða vald nefndin hefur til ákvarðanatöku og ferlið varðandi það, hvernig þeim ákvörðunum er fylgt eftir og hver sjái um það.

Fundargerðir umhverfisnefndar má nálgast í fylgiskjöllum 1.



2. Mat á stöðu umhverfismála

Á þessu tímabili voru ekki fylltir út umhverfisgátlistar heldur var staða umhverfismála í leikskólanum metin á deildarfundum jafnt og þétt á tímabilinu. Á deildarfundum og stjórnendafundum eru umhverfismál einnig rædd og þar gjarnan haldið áfram með umræðu sem hefst á umhverfisfundum.

Eins og áður þá er einnig mikið stöðumat við gerð þessarar greinargerðar. Eins og kemur fram í inngangi þá er óhjáðmlegt að nefna covid og gríðarleg áhrif þess á leikskólastarfið allt og grænfánavinnan þar engin undantekning.



3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Í upphafi hvers skólaárs setja allar deildir sér markmið og leiðir að markmiðunum í námsáætlunum. Markmiðum er skipt niður eftir námsviðum leikskólans og skólaárið 2020-2021 var ákveðið að bæta Grænfánamarkmiðum við námsáætlanirnar. Með því vonuðumst við til að grænfánamarkmiðin yrðu betur fléttuð inn í allt starf og jafnframt í endurskoðun jafnt og þétt yfir tímabilið. Haustið 2021 voru ekki gerð sérstök grænfánamarkmið heldur eru þau inni í markmiðum námssviðana, þar með verða þau ekki eins sýnileg og Grænfánastarfið því ef til vill ekki eins sýnilegt, hvorki starfsfólki né foreldrum. Mat á markmiðum fór fram um leið og endurmat á námsáætlunum í heild, eða um áramót og aftur að vori auk óformlegra mats á deildarfundum reglulega yfir veturinn. Þá eru markmið hvers vetrar sýnileg á heimsíðu leikskólans. Nánar er hægt að lesa um verkefnin sem unnin voru í kafla 5.

1. Bæta hljóðvist - Markmiðið var að bæta hljóðvist á deildum leikskólans.
 - a. Mat: Lítið hefur verið gert í þessum málum húsnæðislega séð og margt sem hægt er að ráðast í þar. Hins vegar er starfsfólk að mörgu leiti meðvitaðra um leiðir til að draga úr hávaða, t.d. með því að dreifa börnum og starfsfólki um húsnæðið.
2. Auka aðgengi barna og fullorðinna að drykkjarvatni. Markmiðið var að bæta aðgengi barna og fullorðinna að drykkjarvatni utan matmálstíma.
 - a. Mat: Hér hefur náðst mikill árangur. Börnum á öllum deildum stendur til boða að vera með vatnsbrúsa í leikskólanum, sem þau geta komist í þegar þeim hentar. Með þessu er starfsfólk einnig meðvitaðra um aðgengi barnanna að vatni. Einnig var komið upp vatnsvél í kaffistofu starfsmanna sem hefur gert það að verkum að starfsmenn drekka frekar vatn en áður þar sem erfitt var að nálgast kalt vatn í húsinu.
3. Auka hreyfingu. Markmiðið var að auka hreyfingu barnanna sérstaklega þegar ekki var hægt að nýta sal leikskólans fyrir hreyfingu.
 - a. Mat: Þegar salur leikskólans var notaður sem kaffistofa vegna covid fengum við aðstöðu í sal júdódeildar u.m.f. Selfoss. Ánægja er með að geta farið þangað með börnin í hreyfingu og við höfum því áfram aðgang að júdósalnum 4x í viku í 2 klukkutíma í senn til viðbótar við salinn okkar. Þá teljum við einnig að börnin okkar fái mikla hreyfingu úti í daglegu starfi, bæði í garðinum okkar þar sem gefast fjölbreytt tækifæri til grófhreyfinga, í skógarferðum og gönguferðum sem við gerum mikið af.
4. Auka grænmetisneyslu og kynna börnunum fyrir nýjum matartegundum.
 - a. Ein deild fór í verkefni þar sem tekið var fyrir grænmeti mánaðarins. Þá hefur með nýjum matráði ýmislegt nýtt bæst við á matseðilinn sem börnin eru enn að kynna. Við teljum þó að við getum gert enn betur í neyslu á grænmeti og einnig því hvaðan maturinn okkar kemur og það er næsta mál á dagskrá.
5. Skapa þægilegt og rólegt andrúmsloft með góðu jafnvægi þar sem öllum getur liðið vel.
 - a. Mat: Þetta var ef til vill mikilvægasta markmiðið sem við settum okkur og tengist beint lýðheilsupemanu. Undanfarin tvö ár hafa verið gríðarlega krefjandi í leikskólastarfinu og því mikilvægt að öllum í skólasamfélaginu gæti liðið vel, börnum, foreldrum og starfsfólki. Þetta hefur vissulega ekki alltaf gengið upp en við teljum þó að við höfum að mörgu leyti gert vel þarna. Lögð var áhersla á að starfsfólk kæmist í sína vinnutímastyttingu og undirbúningstíma. Um tíma létjum við á kröfum bæði til barna og starfsfólks þar sem utanaðkomandi álag var mikið, t.d. vegna lokana vegna manneklu. Þess utan þá var lögð

áhersla á að öll börn fengju hvíld og slökun eftir hádegismatinn, þar sem allir geta lagst niður með teppi/sæng og kodd. Auk þess hefur gengið nokkuð vel að nýta betur húsnæði og lóð með betri dreifingu barna og starfsfólks og þar með skapast meiri ró.





4. Eftirlit og endurmat

Umhverfisnefnd leikskólans sér um eftirlit og endurmat og fylgist með hvort markmiðum sé náð. Á hverjum umhverfisnefndarfundum er farið yfir hvernig gekk á þeirri deild sem er að sjá um heimajarðgerðina. Staðan rædd og síðan teknar ákvarðanir í framhaldi. Fulltrúar deildanna í umhverfisnefnd koma skilboðum á sína deild og einnig fá allir senda fundargerð umhverfisnefndarinnar. Að einhverju leyti má því segja að staðan sé metin einu sinni í mánuði.

Með þeirri breytingu að setja grænfánamarkmiðin inn í námsáætlanir þá fer einnig fram endurmat á markmiðnum á deildarfundum. Annars vegar formlega um áramót og að vori og hins vegar óformlega þess á milli.

Í heildina náðust markmiðin nokkuð vel ef frá er talið markmiðið um að auka hljóðvist, þar er ljóst að hægt er að gera mun betur.



5. Námsfærni og tenging við aðalnámskrá

Náttúru- og umhverfismennt er stór hluti af starfi leikskólans. Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Áherslur Álfheima ríma vel við þessar áherslur í Aðalnámskrá. Þau þemu sem valin eru í tengslum við Grænfánaverkefnið svo og annað starf í skólanum snýr því meira og minna að einhverju leyti að náttúru- og umhverfismennt.

Sem dæmi um það starf sem fram fer í Álfheimum má nefna að á deildum er allt flokkað sem hægt er að flokka, svo sem járn, plast, pappír, mjólkurfurnur og matarafgangar og taka börnin virkan þátt í því starfi.

Matarafgangar fara ýmist í heimajarðgerð (Svangi Mangi) , í fuglamat, í moltutunnu sem sveitarfélagið sér um að koma í moltugerð eða í moltugerð hjá Ánunum. Öll molta sem verður til fer svo í matjurtagarðinn þar sem börnin setja niður kartöflur og/eða matjurtir að vori og taka upp að hausti. Annað sumarið í röð erum við núna með grenndargarð að láni hjá sveitarfélaginu þar sem aðalega eru settar niður kartöflur.



Slökkt eru ljós í mannlásum herbergjum og rafmagnslaus dagur er einu sinni á ári.

Á degi umhverfisins 25. apríl taka börn og starfsfólk höndum saman og fegra umhverfi leikskólans. Auk þess er Dagur íslenskrar náttúru 16. september haldinn hátíðlegur, þá eru kartöflurnar gjarnan teknar upp og elduð kjötsúpa í útiöldun.

Tvö eldstæði eru við leikskólann, eitt í garðinum og annað á Enginu. Á eldstæðunum er bæði bakað og eldað við ýmis tilefni, bæði á tyllidögum og fyrir jólin í jólasgógarferð Gullanna. Auk þess hafa deildirnar tækifæri til að elda úti þegar þær vilja og ánægjulegt er að sjá hversu margir starfsmenn hafa áhuga og þekkingu á útiöldun. Þá er gjarnan kveikt lítið bál á Friðlandinu og hitað t.d. kakó.

Öll börn í Álfheimum fara í skógarferðir. Yngstu börnin fara út á Engi á meðan þau eldri fara í skóginn. Hver skógarhópur fer einu sinni í viku og lengd skógarferðanna fer eftir aldri, áhuga og veðri. Skógarferðirnar eru sambland af skipulögðum verkefnum og frjálsum leik þar sem kennarinn er virkur þátttakandi í leik barnanna. Kennararnir hafa gott tækifæri til að vekja áhuga barnanna á náttúrunni og lífríki hennar. Leitast er við að tengja verkefnið öllum námsþáttum leikskólans og gjarnan tengjast þau þemu grænfánans.









Hér á eftir koma nokkur dæmi um verkefni sem unnin hafa verið á síðustu tveimur árum.

Átthagar

Sú hefð hefur skapast að hver barnahópur fari í gegnum átthagaverkefni. Þau verkefni geta verið með ýmsum hætti en tengjast bæði einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum innan sveitarfélagsins. Í Aðalnámskrá leikskóla er í kaflanum um sjálfbærni fjallað um að gefa verði nemendum kost á því að rannsaka umhverfi sitt á sem fjölbreyttasta máta og þannig byggja upp þekkingu og skilning á því ásamt því að efla virðingu þeirra fyrir umhverfinu. Í köflunum um lýðræði og mannréttindi og jafnrétti er fjallað um mikilvægi þess að börn kynnist fjölbreytileika samfélagsins og einnig gerir menntun til lýðræðis – og mannréttinda ráð fyrir samstarfi út fyrir veggj skólans. Samstarf við grenndarsamfélag innan sveitarfélagsins þarf að vera virkt en slíkt samstarf er einn af lykilþáttum sjálfbærni. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis og skapa verður meðvitund um mismunandi félagsstöðu þeirra sem í samfélaginu búa. Í kaflanum um sköpun kemur fram að hún er ekki eingöngu í formi lista heldur fléttast hún vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Útikennsla

Útikennslan hefur gengið vel á tímabilinu, nýja útikennslusvæðið hlaut nafnið “Friðland”. Fyrri veturinn buðum við eingöngu börnum í elsta árgangi að vera með, enda var árgangurinn óvenju fjölmennur. Seinni veturinn var aðeins fámennari útskriftarárgangur svo það var ákveðið að bjóða næstelstu börnunum að koma líka. Þetta fyrirkomulag er eilítið flókara í skipulagningu því börnin koma af þremur deildum. Það hefur þó þann stóra kost að á þessum tíma læra börnin betur á svæðið og hvernig hægt er að nýta það. Leikur þeirra verður flóknari og dýpri og verkefnið enn fjölbreyttari.





[Snjólitir](#)

Í útikennslu reynum við alltaf að vera með einhver skemmtileg verkefni. Oftast ráða börnin ferðinni en öðru hvoru fá kennararnir líka góða hugmynd sem þeir deila með hópnum.

Þannig er að við höfum stundum blandað saman þekjulum og vatni og farið með það út til að mála snjóinn með blöndunni. Einn daginn fórum við að hugsa hvort hægt væri að gera eitthvað svipað með náttúrulegri litunaraðferðum. Við fórum því af stað í að leita uppi matvörur sem gefa sterkan lit, og gerðum tilraunir á því hvað við þyrftum að gera til að ná fram litnum. Við byrjuðum á að leggja rauðrófuhýði í bleyti yfir nótt, daginn eftir var vatnið orðið bleik-rautt! Við fórum í eldhúsið til að athuga hvort það væru til afskorningar af káli eða eitthvað slíkt til að gefa okkur grænan lit. Þá kom í ljós steinseljubúnt sem ekki hafði verið notað og var orðið dálítið gamalt. Við fengum að eiga það, kennarinn kom með lítinn blandara að heiman og við blönduðum þessa fínu grænu málningu úr steinselju og vatni. Við fengum líka karrý til að gera gulan, kakó og skyndikaffi til að gera tvo brúna liti. Síðan settum við litina alla á brúsa og skelltum okkur í útiföt og fórum svo út að lita snjóinn. Okkur fannst þetta vera skemmtilegt, skrítið, fyndið verkefni (orð barnanna). Kennaranum fannst það líka vera lærdómsríkt.

















Álfasteinn - Lýðheilsa

Í vetur vorum við á Álfasteini að vinna með lýðheilsu. Þetta eru þættir sem eru líka í aðalnámskrá leikskóla og því fast í skipulaginu okkar, eins og hreyfing, hreinlæti, liðan, hvíld og matarræði.

Matarræði

Í vetur lögðum við áherslu á hollan mat og vorum við að gera hann sýnilegan og í umræðum við krakkana, um það hvað sé hollt og hvað sé óhollt, hvað gerist í líkamanum. Teiknuðum við upp tvo „kalla“, annan brosandi og hinn leiðan. Börnin áttu svo að líma á brosandi kallinn, það sem var gott fyrir hann og leiða kallinn, það sem er ekki gott. Þetta gat valdið deilum, þar sem sumt af því sem óhollt, finnst börnunum gott á bragðið.



Við matarborðið, erum við að tala jákvætt um matinn og hvetjum börnin til að smakka það sem er í boði. Við erum líka að rækta krydd og grænmeti til að vekja áhuga á ræktun og hvernig ferlið frá fræi í plöntu er. Með því að rækta krydd og grænmeti, erum við líka að kynna fyrir börnunum það sem við erum að borða.



Við erum búin að gera vatn meira aðgengilegt fyrir börn, með því að gefa þeim tækifæri til að hafa brúsa með sér inn á deild.

Hvíld

Hvíld er í boði fyrir öll börn, eftir matartímann, í upb 30 mínútur. Hvert barn er með sína eigin dýnu, teppi og kodd. Börnn sem ekki eru að sofa fá rólega stund, með því að liggja og hlusta á sögu. Börnin sem eru að sofa, fá að hlusta á rólega tónlist og börnin geta sofið eins og þau þurfa, eða til klukkan 14:00.

Við erum líka með slökun þegar börnin þurfa og erum þá með rólegar teygjur og öndunaræfingar.

Hreyfing

Inni á deild er eitt herbergi án húsgagna, sem börnin geta farið í til að hlaupa. Útivist er að minnsta kosti einu sinni á dag. Það getur verið út í garð, göngutúr eða skógarferð. Við erum líka með aðgang að júdósalnum, eða salnum í leikskólanum, einu sinni í viku, þar sem við getum verið í hreyfingu með mismunandi þrautabrautir í boði. Þannig æfum við grófhreyfingar.



Hreinlæti

Við leggjum áherslu á að börnin þvoi sér um hendurnar þegar þau koma inn, eftir klósettferðir og matartíma. Klútar eru í boði fyrir þau til að þvo sér í framan, eftir matartímann.

Andleg líðan

Við ræðum um tilfinningar okkar, við erum með andlitsmyndir sem sýna mismunandi tilfinningar og við hvetjum þau til að setja orð á tilfinningar sína. Við fræðum börnin um að taka hvert öðru eins og þau eru og forðumst að dæma aðra útfrá staðalmyndum. Við erum opin fyrir því að börnin fái að tjá sig á þann hátt sem þau vilja og hrósum þeim reglulega, þegar við sjáum jákvæð samskipti á milli þeirra.



Við styðjum þau líka í að setja mörk þegar þau eru í samskiptum við hin börnin. Þetta er gert með því að sitja með þeim í leik og fylgjast með samskiptum þeirra og hjálpa þeim þegar við sjáum að þau eru ósátt.

Afmælispakkar grænfánans

Við tókum þátt í nokkrum verkefnum úr afmælispökkunum, sem við aðlöguðum að deildinn okkar. Sem dæmi, þá tókum við áttahagar barnanna og urðu Ingólfsfjall og Ölfusá fyrir valinu. Einnig söfnuðum við lífrænum úrgangi og settum í moltukassa og ræktuðum grænmeti, jurtir og blóm.



Fjáls leikur og sjálfbærni - Huldusteinn

Frjálsi leikurinn er grunnurinn okkar á Huldusteini og að skapa rólegt andrúmsloft þar sem gott flæði er í leiknum hjá börnunum án þess að vera í kappi við klukkuna. Hér fyrir neðan er dæmi af hvernig leikurinn hjá börnunum okkar fer fram.



Strákurinn
fann laust
pláss og
byrjaði að
leika sér.
Hann setti
kubbanam
inni dósir eins
og hann sé að
búa til mat.

Myndast einhver sköpun.



Að tryggja dót fyrir sjálfan sig.
Hann var duglegur að safna dót
og notaði fötu til að safna
kubbum, dýrum og dósun.



Bæði eru 2ja ára og
eru ekki alveg með
nógu mikið orðaforða
til að spjalla en hér
myndast smá samtal.

Myndirnar sýna að börnin er að nota leikefni, pláss og líka myndast mikil sjálfbærni. Börnin eru að nýta efni og rými til að ímynda, skapa og uppgötva allskonar færni. Strákurinn sýnir ferli í sínum leik frá því að finna og safna allskyns hlutum og finna sinn stað til að leika með efnið. Hann sýnir líka mjög fína félagfærni eins og til dæmis þegar hann var að reyna að tala við vin sinn.

Á Huldusteinn höfum við einbeitt okkur að leik og sjálfbærni. Þegar við erum að leika höfum við alltaf í huga efni, rými og tíma. Mikilvægi rýmis og ýmissa þátta þess hefur mikil áhrif á hversdagsleika barna og því verðum við að hugsa vel um hvernig við notum rýmið.

Matartímar: Fyrirmyndir og jákvæðni

Matartímar okkar ættu að vera öruggir, ánægjulegir, félagslegir, móttækilegir og fræðandi. Þar sem börn fylgjast vel með öllu og skilja oft fullorðna, er mjög mikilvægt að kennarar hafi jákvætt viðhorf og hugarfar á matmálistímum. Þar sem börnin fylgjast vel með og skilja oft fullorðna er mjög mikilvægt að kennarar hafi jákvætt viðhorf og hugarfar til matmálistíma. Kennarar verða að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft í matartíma. Gæti þess að starfsfólk tali jákvætt um matinn og gangi fram með góðu fordæmi varðandi það að borða og prófa nýjan mat. Sum börn gefa sér tíma til að borða og því þurfa kennarar að sjá til þess að nægur tími sé til að borða.



Matartímar og -venjur eiga að hvetja börn til sjálfstæðis og efla ábyrgðartilfinningu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) á leikskóli að vera samfélag þar sem allir einstaklingar njóta virðingar og leggja sitt af mörkum til samfélagsins í skólanum. Börn eiga að fá tækifæri til að þróa og rækta sjálfstæði sitt og ábyrgðartilfinningu. Matartímar eru eitt besta tækifæri barna til að takast á við slík þroskaverkefni (Handbók fyrir leikskólaeldhús, 2018).

Matartímar og -venjur eiga að hvetja börn til sjálfstæðis og efla ábyrgðartilfinningu fyrir sjálfum sér og öðrum. Ennfremur gefst tækifæri fyrir börn að taka þátt í samræðum og læra ný orð og hugtök, ásamt því að efla samskipti.



Virkir þátttakendur

Það er mjög mikilvægt að börn taki virkan þátt og læri í matartímum. Á Huldusteini hafa börn tekið þátt í því að undirbúa borðið, t.d. með því að skiptast á að aðstoða að við sækja mat. Þau geta verið með svuntu á meðan verkinu stendur. Þegar kemur að sjálfum matartímanum geta börnin skammtað sér sjálf, með aðstoð kennara. Þegar búið er að borða þarf að hvetja börn til ganga frá eftir sig. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er mjög mikilvægt að börn læri sjálfstæði og þarf leikskólinn að skapa tækifæri við fjölbreyttar aðstæður og er hádegismatartími eitt besta tækifærið fyrir börn til að læra og æfa sjálfstæði sitt.

Jákvætt hugarfar og gott skipulag skapar öruggt umhverfi í fataherberginu

Á Huldusteini er mikilvægt að hvetja börn til sjálfstæðis í fataherbergi. Forsenda sjálfstæðis barna er sjálfstraust sem þau öðlast ekki nema með tilfinningalegum stuðningi frá starfsfólki og umhverfi. Starfsfólk Huldusteinsþarf að temja sér jákvætt hugarfar til að geta veitt börnum þennan tilfinningalegan stuðning og skapað þeim öruggt umhverfi.



Fataherbergi sem rými á milli inni og úti, þar sem börn klæða sig til að fara út til útiveru og rými þar sem þau búa sig einnig undir að koma inn í innirýmið þegar þau koma heiman frá sér eða að lokinni útiveru á leikskólalóðinni, fataherbergi er þar sem kennslustofan mætir útiverunni og því mikilvægt rými fyrir námshegðun. Það er líka rými þar sem börn læra flæðið á milli aðstæðna inni og úti.

Klæðaburður og hreyfifærni

Eftir því sem sjálfstæði barnsins eykst mun það sem barnið vill gera sjálft breytast frá degi til dags og mínútu til mínútu. Barnið vill gera allt sjálft, en festist einhversstaðar í ferlinu. Að læra hvernig á að klæða sig gegnir mikilvægu hlutverki í náttúrulegu þroskaferli barns. Það þróar sjálfstraust, sjálfstæði og ýmsa aðra gagnlega færni. Barn þróar fínhyrningar við að festa rennilása og hnappa. Grófhreyfingar þar sem barn þarf að nota stóra vöðva, þróast með því að toga í buxurnar, fara í jakka, skó eða stígvél. Börn þróa einnig vitræna færni eins og að hugsa og muna hvers konar fatnað þau eiga að fara í fyrst. Það eykur líka athygli og þolinmæði. Það að klæða sig þroskar jafnframt vitund barna varðandi rými og tíma. Við á Huldusteini setja einbeita okkur að bjóða öruggan stað.

Völusteinn - lýðheilsa

Í vetur var þemað sem unnið var með lýðheilsa. Við á Völusteini höfum verið að vinna markvisst með hreinlæti, hreyfingu, mataræði, hvíld og sjálfbærni.

Mataræði

Við höfum verið að kynna fyrir börnunum fæðuflokkana, mikilvægi þess að taka lýsi og drekka vatn. Við leggjum upp með að ræða alltaf jákvætt um mat í návist við börnin og þau eru hvött til þess að smakka allt sem er í boði.

Hreyfing

Útivera er minnst einu sinni á dag. Öll börn fara í skógarferðir einu sinni í viku og reglulega er farið í gönguferðir. Við höfum aðgang að júdósalnum einu sinni í viku þar sem þau fara í allskonar þrautabrautir og leiki ásamt því að leika sér frjálst. Deildin er einnig með salinn í leikskólanum einu sinni í viku. Í lok allra skipulagðra hreyfistunda teygjum við og tökum stutta slökun.



Hreinlæti

Inn á Völusteini er umræða um hreinlæti í hávegi höfð. Börnin eru meðvituð um mikilvægi hreinlætis og allir þvo sér um heldurnar við komu í leikskólann, eftir salernisferðir og fyrir máltíðir. Klútar eru aðgengilegir fyrir börnin ef þau þurfa að þvo sér í framan.

Hvíld

Öll börn fara í hvíld eftir hádegismat. Hvert og eitt barn er með sér dýnu, teppi, kodd og þeir sem vilja með bangsa. Hlustað er á sögu og hvíldin er um það bil 30 mín.

Við erum einnig reglulega með slökun og öndunaræfingar. Höfum t.d verið að nota efni frá hugarfrelsi.

Átthagaverkefni

Elstu börnin eru að vinna að átthagaverkefni.

Verkefnið gefur þeim tækifæri á læra um sjálfan sig,
fjölskyldu sína og nærumhverfi sitt.



Grænálfar

Við á Völusteini keyrðum í gang grænálfa verkefni. Við settum upp endurvinnslustöð inn á deild þar sem börnin sjá sjónrænt hvernig á að flokka. Börnin saumuðu tvo grænálfa sem fylgja með grænálfa bókinni sem fer á milli leikskóla og heimilis. Grænáfarnir eru tveir og eru í viku í senn.

Hlutverk grænálfa er eftirfarandi:

- Hafa umsjón með endurvinnslustöðinni.
- Passa að stöðin sé snyrtileg
- Skola mjólkurfernur
- Fara út með flokkunartunnur
- Eru borðþjónar
- Aðstoða við að sækja matinn og leggja á borð.
- Fara með óhreinar tuskur í þvottahúsið og sækja nýjar.
- Fara með Grænálfabókina heim.
- Skoða hvernig flokkun er háttað heima
- Fræða fjölskyldu sína um hvernig við flokkum og endurvinnum í leikskólanum



6. Kynning á stefnunni

Á hverju hausti er stefna leikskólans í umhverfismálum kynnt á foreldrafundum. Covid hefur haft þau áhrif að erfitt hefur verið að bjóða foreldrum á opin hús og sýningar. Ljósmyndir af starfinu hafa því ef til vill verið veigameiri en í venjulegu árferði.

Í ráðningarviðtali sem er fyrsta viðtal við nýjan starfsmann er farið yfir grænfánaverkefnið. Ánægjulegt er að segja frá því að lang flestir nýjir starfsmenn þekkja grænfánann áður en þeir hefja störf. Annað hvort hafa þeir kynnst sér hann sérstaklega fyrir nýtt starf, hafa áður unnið í grænfánaskóla eða gengið í grænfánaskóla.

Grænálfar eru nýtt verkefni sem fór af stað á Völusteini á vorönn 2022 sem hefur tekist gríðarlega vel. Einn partur af verkefninu fer fram á heimilum barnanna og hefur það vakið mikla lukku.



7. Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmáli Álfheima var endurgerður árið 2018 og var frumfluttur opinberlega 7. júní 2018 á áttundu Grænfánaafhendingu Álfheima. Umhverfissáttmálinn “Við erum græn” er erlent lag sem fjallar um verndun jarðarinnar með því að endurvinna, endurnýta og draga úr orku. Starfsmaður leikskólans þýddi lagið yfir á íslensku og myndskreytti svo börnin eigi auðveldara með að læra textann. Börnin tengja við lagið en í því má heyra margt sem þau hafa verið að vinna með í tengslum við þemu Grænfánans. Börn og starfsmenn syngja sáttmálann í söngstundum og jafnframt er hann sýnilegur myndrænt inni á deildum í hæð barnanna. Umhverfissáttmálann má sjá í fylgisjali 2.



Fylgiskjöl 1 - fundargerðir umhverfisnefndar

Umhverfisnefndarfundur

25. maí 2021 kl. 10:15

Mættir: Jóhanna, Soffía, Brigitte.

Mánasteinn skilar af sér heimajarðgerðarmöppunni til Álfasteins. Mánasteinn fengu möppuna seint. En fóru nokkrum sinnum með í tunnuna. Það lítur allt vel út í heimajarðgerðatunni.

Lögð fram tillaga um að Brigitte bætist við hópinn sem er í gróðurgrúbbunni.

Dregið um hverjir geta fengið lánaðar moltutunnur, vinnhafar eru Margarita, Sandra og Unnur.

Ræddum afmælisdagaskra skóla á grænni græn og hvort áhuga sé að taka þátt í því næsta vetur. Skólar á grænni grein 20 ára. Jóhanna sendi öllum í tölvupósti fyrir einhverju síðan upplýsingar um þetta. Póstur frá skólar á grænni grein.

Rætt um hvort hægt sé að fá skilti á húsið þar sem bent er á að hafa ekki bíla í gangi þegar farið er með börn inni skólann.

Næsti fundur er 22. júní 2021

Fundi slitið 11:00

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur

23. febrúar 2021 kl. 10:15

Mættir: Jóhanna, Soffía, Margrét Harpa, Heiða, Bryndís Brá, Herdís, Brigitte og Petra.

Álfasteinn skilar af sér heimajarðgerðarmöppunni til Huldusteins. Gekk allt í lagi hjá Álfasteini, skiptumst á fara með í heimajarðgerðartunnuna. Kenna börnunum að leika sér ekki í tunnunum. Starfsfólk þarf að passa þetta þegar við erum úti.

Þema lýðheilsa gengur. Dvergasteinn er ekki alveg byrjuð með lýðheilsupema, eru byrjuð að skola fernur. Eru að fara að gera vináttuverkefni og heimilin, hver börnin eiga heima. Álfasteinn eru áfram í vináttuverkefninu eru að skoða hvernig þau koma í leikskólanum eins og t.d. með hvaða farartækum eða gangandi. Völusteinn og Óskasteinn er að vinna saman með konur og kalla vegna konu og bónadeginum hafa rætt ýmisleg í tenglum við það. Gerðu bæinn sinn úr Legoi. Erum að tala um virðingu bæði fyrir fólki og hlutum. Svo er ætlunin að ferð á Eyrarbakka og Stokkseyri og skoða sig um þar. Hafa verið að ræða ýmislegt um Ölfusábrúnna. Mánasteinn eru að fræða börnin um grænmeti, núna er verið að ræða um kartöfluna. Eru líka að ræða um fugla.

Hugmynd að eldri deildirnar setji upp skema hvað við viljum sjá að gróðri í Friðlandinu og í garðinum. Mjög mikill frjáls leikur sem er í Friðlandinu. Langar að stækka Friðlandið. Hugmynd að eldri deildirnar

séu með heilan kassa og yngri deildirna eru með hálfan kassa. Það þarf að vinna með moldina. Athuga hvort Lísbet vilji skrifa niður leiðbeininga um ræktuna, má einnig fara í gæðahandbókina. Hugmynd hvort við getum haft gróðurkassa á fleiri stöðum t.d. í garðinum. Setja fjölærar plöntur og helt eitthvað ætilegt.

Soffía búið að semja bréf um ósk um samstarf við þjónustudeild til að fá drumba og fá brennslutimbur í framtíðinni. Í þessu bréfi er óskað eftir fundi til að ræða þetta. Soffía ætlar að senda þetta bréf.

Er verið að flokka á deildum.

Fólk hefur mikið bætt sig að að setja í svanga marga inná deildum, en það gengur illa að sameina og mjókurfernur. Það koma mikið tómar mjókurfernur inní eldhús.

Athuga hvað á að gera við gömlu húsgögnin af Dvergasteini.

Næsti fundur er 23. mars 2021

Fundi slitið 11:00

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur

26. janúar 2021 kl. 10:15

Mættir: Jóhanna, Soffía, Margrét Harpa, Heiða, Brigitte og Petra.

Mánasteinn skilar af sér heimajarðgerðarmöppunni til Álfasteins. Settu tvisvar í moltutunnurnar, ekki hægt að hræra því það var allt frosið.

Þemavinna, Mánasteinn þemavinna talað um pappiku, gerðu spil um flokkunina. Voru með gúrku í nóvember. Álfasteinn hafa verið að vinna með tölur, stafi eru í rauninni ekki að gera mikið í tengslum við lýðheilsu. Dvergasteinn eru komin með verkefni um flokkun en er ekki byrjað, ekkert hefur verið gert eftir áramót, nú þarf að pressa á að byrja. Völusteini eru búin með fjölskylduverkefni, er enn verið að vinna í hvað kemur á eftir fjölskylduverkefninu.

Gróðusetning í vor, skoða fjölærar plönur t.d. til matar eins og rabbabara. Þurfum að skoða skoða þetta, hvernig við viljum hafa þetta.

Er hægt að hafa samband við umhverfisdeildina um samstarf um brenni og Drumba. Soffía ætlar að skoða þetta.

Starfsfólk þarf að vera meðvitað um að sanda og salta í garðinum áður en börnin fara út.

Skola fernur með börnunum á deildunum, þetta er hluti af grænfánaverkefninu.

Afgangar af ávaxta og grænmetishýði fer í svanga manga inná deild og þaðan í brúnu tunnuna og í heimajarðgerðartunnuna hjá þeim sem eru með hana.

Á rafmagslausadaginn var notað 110 kw, en á öðrum degi þ.e. 25. janúar var notað 168 kw.

Elhúsið viktaði afganga sem komu til baka í eldhúsið, eftir hádegismat (ekki morgunmat og nónhressinu) vikuna 19. – 25. janúar. Af deildunum komu til baka 36,850 kg af mat sem fór í brúnu tunnuna.

Afgangarnir skiptast svona eftir deildum

Mánasteinn: fata sem hagir á vagni 1,999 kg. Föt sem koma úr eldhúsi 1, 900 kg. Grænmeti 0,212 kg. Samtals: 4,111 kg.

Álfasteinn : fata sem hagir á vagni 2,316 kg. Föt sem koma úr eldhúsi 2,146 kg. Grænmeti 0 kg. Samtals: 4,462 kg.

Völusteinn: fata sem hagir á vagni 3,429 kg. Föt sem koma úr eldhúsi 2,392 kg. Grænmeti 0,40 kg. Samtals: 5,861 kg.

Huldusteinn : fata sem hagir á vagni 2,736 kg. Föt sem koma úr eldhúsi 2,766. Grænmeti 0,454 kg. Samtals: 5,956 kg.

Dvergasteinn : fata sem hagir á vagni 3,168 kg. Föt sem koma úr eldhúsi 3,264 kg. Grænmeti 0 kg. Samtals: 6,432 kg.

Óskasteinn : fata sem hagir á vagni 4,061 kg. Föt sem koma úr eldhúsi 5,696 kg. Grænmeti 0,244 kg. Samtals: 10,001 kg.

Það er ekki í lagi að hér í Álfheimum sé verið að henda 36,850 kg. af mat (bara hádegismatur) á viku, þetta er eitthvað sem við þurfum greinilega að laga.

Næsti fundur er 23. febrúar 2021

Fundi slitið 11:00

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur

22. desember 2020 kl. 10:15

Mættir: Jóhanna, Soffía, Margrét Harpa, Bryndís Brá og Petra.

Dvergasteinn skila moltugerðarmöppu, hún var ekki opnuð og moltugerð gekk ekki vel. Ekkert farið með út í heimajarðgerðartunnuna. Ekkert verið hrært í heimajarðgerðartunnunni í heilan mánuð.

Dvergasteinn afhendir Mánasteini heimajarðgerðarmöppuna.

Þurfum að muna að þeir sem eru í umhverfiráði eru umhverfislöggurnar á sinni deild.

Pema. Gengur vel á Óskasteini og Völusteini í þemavinnunni, mikil samvinna á þessum deildum í þemavinnunni. Gengur þokkalega á Dvergasteini eru ekki komin almennilega af stað. Byrja á fullu á nýju ári.

Mælum með að skoða síðuna um skólar á grænni grein, grænfáninn.

Umræða um eldivið, hvernig við nálgumst eldivið.

Næsti fundur er 26. janúar 2021

Fundi slitið 10:35

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur

24. nóvember 2020 kl. 10:00

Mættir: Jóhanna, Soffía, Brigitte, Berglind, Bryndís Brá og Petra.

Óskasteinn skila molugerðarmöppunni. Það gekk vel hjá Óskasteini. Soffía ætlar að bæta í möppuna hvað felst í því að hafa möppuna. Óskasteinn kemur möppunni og því sem henni fylgir á Dvergastein.

Hvernig gengur þemavinnan: Huldusteinn er ekki mikið kominn af stað, búið að setja markmið sem þarf aðeins að endurskoða. Völusteinn og Óskasteinn er kominn á fullt í þemavinnunni, eru núna á fullu í áttthagaverkefni. Búin að vinna mikið með matarsóun. Mikið endurnýtt á Óskasteini og Völusteini.

Ekki mikil útiöldun verið undanfarið. Þurfum að ákveða hvernig við viljum hafa útiöldunina.

Ef einhver veit um foreldri sem hefur áhuga á að vera fulltrúi foreldra í umhverfisráðinu þá endilega láta okkur vita.

Stefnum að því að næsta fund kl. 10:15

Næsti fundur er 22. desember 2020

Fundi slitið 10:40

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur

27. október 2020 kl. 10:00

Mættir: Jóhanna, Soffía, Brigitte, Heiða, Herdís, Bryndís Brá og Petra

Völusteinn skilar heimajarðgerðamöppu til Óskasteins. Komnar leiðbeiningar á möppuna. Fram að næsta fundir fara matarafgangar úr Svanga manga á Óskasteini í heimajarðgerðartunnuna, þeirri sem bandið er utanum.

Afgerandi kostning á þema var Lýðheilsa. Rætt um hvernig umræða um þemavinnuna var á starfsmannafundinum í síðustu viku. Völu- og Óskasteinn ætla að útfæra sín verkefni innan Lýðheilsu. Hvað er það sem við viljum græða á vinnu tengdri Lýðheilsu. Völu- og óskasteinn gerðu plagöt sem hægt er að skoða á kaffistofunni í starfsmannaálmunni. Mánasteinn ætlar að leggja áherslu á matarræði, tannheilsu, vatnsdrykkju og holt matarræði. Rætt um að gott væri að hafa meira úrval af grænmeti t.d. fleira en eitt í boði í einu.

Petra ætla að skoða hvernig staðan er með vatnsslöngu úti garði.

Muna að læsa báðum hurðum á dótaskúrnum, læsa bæði uppi og niðri.

Búið að færa eina moltutunni inná útikennslusvæðið. Umræða hvort það sé hægt að stækka útikennslusvæði.

Það hafa safnast laufblöð í hrúgu fyrir framan starfsmanna innganginn endilega fara með börnum og setja í kartöflupoka. Svo má geyma pokana í dótaskúrnum og nota laufblöðin í moltugerðina.

Mikilvægt að við hugum að orðræðunni í leikskólanum, hvernig við tölum um starfið okkar. Eitthvað hefur borið á því að starfsfólk pirrist yfir lyktinni þegar við erum með útiöldun. Útiöldun er hluti að okkar starfi og því fylgir ákveðin lykt, en svona er þetta í Álfheimum J

Næsti fundur er 24. nóvember 2020

Fundi slitið 10:45

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur

7. september 2020 kl. 10:15

Mættir: Jóhanna, Soffía, Bryndís Brá, Brigitte, Heiða, Petra og Margrét Harpa.

Fulltrúar í umhverfisnefnd eru:

Álfasteinn – Heiða

Dvergasteinn – Margrét Harpa

Óskasteinn – Bryndís Brá

Völusteinn – Petra

Mánasteinn – Brigitte

Huldusteinn – vatnar fulltrúa

Eldhús – vantar fulltrúa

Foreldrar – vantar fulltrúa

Ræsting – vatnar fulltrúa

Jóhanna og Soffía eru líka á fundunum.

Hvar er heimagarðgerðarmappan, það þurfa allir að leita að heimagarðgerðarmöppunni fyrir næsta umhverfissund sem verður 29. september. Einnig á að vera smásjá sem fylgir heimagarðgerðarmöppunni það þarf líka að leita finna hana.

Ákveðið að hafa umhverfisnefndarfund síðasta þriðjudag í hverjum mánuði.

16. september er dagur íslenskrar náttúru. Þá ætlum við að hafa kjötsúpu í matinn. Börn fædd 2015 ætla að aðstoða við að skera grænmeti og elda súpu í útiöldun. Soffía verður með umsókn yfir útiöldun á kjötsúpu. Það þurfa allir að vera búnir að taka upp kartöflur fyrir þennan dag svo við getum notað þær í súpunna. Við fáum líka grænfánan þennan dag. Það þurfa allir að æfa sönginn okkar þ.e. umhverfissáttmálan. Við erum græn. Þegar það er búið að afhenda okkur grænfánann kl. 10:30 ætlar Lísbet að segja okkur kartöflusöguna.

Fundi slitið 10:45

Jóhanna Þórhallsdóttir

Umhverfisnefndarfundur 28. september 2021

Mættir: Jóhanna, Heiða, Brigitte, Atli.

Umhverfisnefnd er vegna þess að við erum grænfánaleikskóli. Það sem er tekið fyrir á umhverfisnefndarfundum er tengt grænfánanum. Fulltrúar deilda sem eru í umhverfisnefnd þurfa að vera duglegir að miðla af fundum og vera meðvitaðir hvað er að vera grænfánaleikskóli. oft þarf að vísa málum af umhverfisfundi á stjórnendafundur. Hvernig virkjum við starfsfólk að vinna eftir grænfánanum, hvernig vekjum við áhuga ?

Hvaða þema verður í vetur, þetta þarf að ræða á stjórnendafundi

Óskasteinn skilar heimagarðgerðarmöppu til Völusteins. Síðasti mánuður hefur ekki gengið vel eins og moltugerðin. Hefur vantað mikið af fólki.

Flokkun á deildum, hvernig gengur.

Álfasteinn: umræða hvort það megi setja pappírpoka í brúnu tunnuna, vitum að það má í moltutunnuna, líklega ekki í brúnu tunnuna. Of mikil plastnotkun á deilidinni, mætti minnka plastnotun eins og t.d. bókaplast.

Völusteinn: gengur vel að flokka, en vantað merkingar á flokkunarílát sem veldur því að það sem er verið að flokka fer ekki á rétta staði. Atli ætlar að bæta úr þessu.

Óskasteinn: gengur vel.

Þeir sem eiga eftir að taka upp grænmeti þurfa að fara að gera það áður en það fer að frysta.

Það er aflmælisár þar sem hver mánuður er með þema, endilega skoða 😊

Vera dugleg að tína laufblöð til að nýta í moltutunnuna.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 26. október Kl. 10:15

Umhverfisnefnd 23. nóvember 2021

Mættir: Brigitte, Heiða, Berglind, Unnur og Soffía sem stjórnaði fundi og ritaði fundargerð

Fundargerð-Ekki var unnt að lesa fundargerð síðasta fundar vegna tækniörðugleika.

Moltumappan-Fór frá Óskasteini til Dvergasteins, Heiða tekur það að sér. Ekki hefur gengið vel að sinna moltugerð þennan mánuðinn sökum forfalla og manneklu. Soffía hefur fylgst með tunnunni og bætt brúnefni í eftir þörfum meðan á útikennslu stendur. Búið er að safna dálitlu af laufi sem hangir í kartöflupokum í útikennslukofa. Má gjarnan safna meiru. Í framhaldinu mikil umræða um moltugerð, Heiða og Unnur greina frá því að í gamla leikskólanum þeirra hafi verið 2 tunnur, safnað í hvora í heilt ár, nýtt ár=ný tunna. Á 3. ári er tunnan tæmd og innihaldið grafið í jörðu þar sem það samlagast jarðveginum/moldinni. Ferli hvernar tunnu er sem sagt: Ár 1-safnað í tunnu, Ár 2-stendur óhreyft, Ár 3-innihaldi blandað í jarðveg sem næring.

Flokkun á deildum-Fundarmenn lýsa undrun sinni á notkun á maíspokum í Svanga-Manga (lífrænt) og velta fyrir sér hvort ekki megi hvolfa beint úr Svanga út í brúntunnu, annars sé hægt að setja pappír í fötuna, helst endurnýttan pappír eins og dagblöð, annars pappírpoka. Á aðlögunartíma mætti hugsanlega hafa maíspokana í bakhöndinni.

Afmælisár-Í ár fagnar Grænfáninn 20 ára afmæli, mánaðarlegt kynningarefni, samkeppni. Til kynningar.

Önnur mál-Berglind óskaði eftir mánaðarskiptum á Moltumöppunni vegna fyrirhugaðs verkefnis á deildinni með vorinu um moltugerð og heimsókn í Gámafélagið. Í framhaldi spunnust umræður um hvort fleiri vildu þiggja boð Gámafélagsins og fram kom hugmynd að sameiginlegum Umhverfisdegi. Ákveðið að hugsa þetta og ræða á deildum, einnig á stjórnendafundi og taka fyrir aftur næst.

Mikil umræða um hljóðvist í leikskólanum, mörg sóknarfæri leynast innan okkar veggja hvað það varðar. Litlir hlutir geta haft mikil áhrif á margar persónur og stuðlað að aukinni LÝÐHEILSU! Dæmi um þetta er að setja tennisbota á alla stólfætur, klæða kubbakassa með filtdúkum og dekkja vinnuborð með pleður-áklæði (Unnur þekkir til og ætlar að kanna hvaða áklæði þetta er og hvar það fæst). Nefndin er sammála um að slíkar breytingar geti skilað umtalsverðum ávinningi fyrir heilsu og líðan barna og starfsfólks. Þessu er vísað til stjórnendafundar.

Fundi slitið 11:01

Umhverfisnefndarfundur 3.maí 2022 10:15-11:00

Mættir voru: Soffía, Heiða, Unnur og Berglind

Vantaði: Brigitte, Bryndísi Brá, Emil, Svönu, Jóhönnu og Eduardo f.h. foreldra

Dagskrá

Moltumappa o.fl.

Smásjáin hefur ekki verið í notkun undanfarið, hún þykir óhentug til notkunar, þarf að tengja hana við tölvu, hugsanlega eru nauðsynleg forrit ekki til staðar og við ekki með heimildir til að setja það inn. Nefndin óskar eftir því að keyptar verði 2 smásjár á elstu deildirnar sem aðrir hafi aðgengi að.

Moltugerð, nefndin vill leggja til breytingar á skipulaginu þannig;

Moltumappan fari oftár á milli deilda, helst vikulega

Deildin sem er með möppuna sér um að bæta í hana þurrefnum og hræra

Allar deildir fái að tæma Svanga-Mangan sinn í moltutunnuna (allt árið)

Engir pokar, hvorki plast eða maís mega koma út í moltutunnuna

Þetta yrði vonandi til þess að viðhalda þekkingu á moltugerðinni og tilgangi hennar og auka virkni og þátttöku á deildunum.

Við leggjum líka til að kofamánuðirnir verði að kofa-vikum og þetta þvennt fylgist áfram að, ábyrgð á kofanum og moltugerðinni.

Við viljum auka skilvirkni umhverfisfundanna, bæði með aukinni umræðu og aukinni eftirfylgni. Fulltrúar á fundum bera aukna ábyrgð á umhverfismálum hússins, þeir bera skilaboð á milli bæði frá deildum og yfir á fund, líka að taka upplýsingar af fundinum og kynna það og framfylgja á sinni deild.

Við ræddumum hvernig við gætum

Umræða um grænu pokana og að leita leiða til að minnka notkun þeirra, þeir eru bæði óæskilegir fyrir umhverfið og kostnaðarsamir. Stóru grænu sekkirnir eru ekki nógu stórir til að ná til botns í brúnu tunnurnar úti, svo sú lausn dugar ekki (þetta var kannað af eldhúsfólki í fyrra) Ein leið væri að safna saman í sameiginlega "græna" tunnu innanhúss, meðalstóra á hjólum, sem í væri grænn nokkuð stór poki, sá poki færi svo daglega út í tunnu. Þar að auki væri það mun minna efni vegna þess að allir mega tæma Svanga Manga í moltuna.

Umræða um nauðsyn þess að skerpa á grunnþáttum hússins með fræðslu að hausti

Þá er einnig mikilvægt fyrir nefndina að þekkja vinnulag sitt, hún hefur rétt til að álykta um mál og koma með tillögum að breytingum sem bornar væru upp á næsta stjórnendafundi á eftir. Í framhaldi þarf að fylgja málum eftir, kynna breytingar o.þh. Þetta vinnulag leiðir af sér vetri skilvirkni og raunverulegar betrubætur.

Við erum græn

[E]Við erum græn, við erum græn,
[A]við hugsum um jörðina [H]a,
við erum [E]græn.
[E]Heima og í skólanum
[A]endurvinnum
endurnýtum
[H]drögum úr [E]orku

Við erum græn



DRÖGUM ÚR ORKU

Hversu lengi ætlar þú í sturtunni að híma,



þú þarf ekki að standa þar í sjötíu tíma.




Skrúfaðu fyrir vatnið er þú burstar tönn



og nýttu lágmarks orku í dagsins önn.



Slökktu ljós í ónotuðum herbergjum,



hugsaðu um það rafmagn sem við framleiðum.



Láttu ekki renna vatn, gakkstu í skólann,



að draga úr orku er nýja bólan.



ENDURVINNUM


Að henda í ruslið er ekki nógu gott,



að endurvinna hluti er miklu meira flott.



Pappír, dósir og plastflöskur,



Gler og pappi í endurvinnslu,



tölvuleikir, geisladiskar, fartölvur,



ljósaperur, skothylki og rafhlöður,



tímaritin, dagblöðin og mjólkurfernuna,



endurvinna skulum fyrir jörðina.



ENDURNÝTUM

Endurnýttu hlutina sem þú átt,

ef að notað getur aftur ekki henda mátt

Endurnýttu poka,



endurnýttu



flöskur,

endurnýttu ílát



og endurnýttu tuskur.



Fyrir þá sem ekkert eiga gefðu leikföngin,



Fyrir þá sem þurfa gefðu fatnaðinn.



Týndu upp rusl og í ruslið hendir þú



og þú bjargar jörðinni hér og nú.

